Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Starfsáætlun Ægisborgar

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra 4
2. Ytra og innra mat leikskólans fyrir 2025-2026 7
2.1 Ytra mat 7
2.2 Innra mat 9
2.2.1 Innra mat deilda 10
INNRA MAT KOTS 10
INNRA MAT FJÖRUDEILDAR 12
INNRA MAT BÁRUDEILDAR 16
INNRA MAT SÉRKENNSLU 22
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 -sameiginlegir þættir 25
4. Starfsþróunarsamtöl 26
5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans 27
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 28
7. Foreldrasamstarf 29
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 30
9. Þróunarverkefni 30
10. Umsögn foreldraráðs 31

1. Greinargerð leikskólastjóra

Þegar horft er í baksýnisspegil Ægisborgar hefur liðinn vetur verið erilsamur og af ýmsu að taka í þeim efnum. Nægir að nefna að starfsfólk Ægisborg hefur verið að sökkva sér betur í Múmínverkefnið og horft enn frekar til lýðræðis og þátttöku í skólastarfi. Það var því starfsgleði og virkni sem dró vagninn og sterkt samstarf. Samvinna og hjálpsemi einkenndi skólabraginn enda var þörf á því.


Ási leikskólastjóri að gera það sem honum finnst skemmtilegast í vinnunni

Engum gat dulist vonbrigði haustsins þegar okkur var tjáð að fyrri áætlanir um framkvæmdir, sem við vorum nestuð með í sumarleyfi, myndu ekki standast á neinn hátt og ekki yrði hafist handa við lagfæringar Ægisborgar fyrr en eftir áramót. Það var gert gerlegt með mótvægisaðgerðum en umfram allt með markvissum og kjörnuðum starfsháttum. Gluggar voru opnir eins mikið og lengi og hægt var og það sama gilti um hurðir og svo var útivera lengri og meiri en nokkru sinni. Veðrið hjálpaði okkur lengstum.

Það var því kærkomið að flytja í Drekaland Hagaborgar í byrjun mars með öll börnin úr stóra húsinu. Við þurftum að búa þröngt þar og vík var milli vina, en Kotið var eftir í Ægisborg með 15 börn. Með góðri skipulagningu, yndislegum börnum og þátttöku og skilningi foreldra gat samhent starfsfólk látið þetta ganga hnökralítið upp. En auðvitað var þetta ekki ákjósanlegt og einungis verið að gera það besta úr erfiðum aðstæðum. Þegar 6 ára börnin halda í skóla verða ansi fá börn í Ægisborg þar til við fáum húsið afhent, en það er ljóst að mikil aðlögun bíður okkar í haust.

Það að búa þröngt hefur líka kennt okkur margt. Til dæmis hve flæði í leik getur haft gríðarlega góð áhrif á flest börn og leik þeirra. Það á eftir að fylgja okkur heim, sem og að gera spila- og leiksal úr matsalnum í Ægisborg. Það verður ugglaust afar hamingjusamur hópur sem sameinast í Ægisborg á haustdögum og við getum til dæmis ekki beðið eftir að hafa kaffimorgna með foreldrum.

Hápunktar hvers skólaárs má segja að séu öskudagur, útskrift elstu barna og nú er hrekkjavaka að gera sig gildandi á þeim vettvangi. Það að fara í búninga er gaman. Það þykir mörgum fullorðnum líka og komandi vetur mun það verða enn frekar á oddi að leika sér. Við ætlum einnig að stíga það skref

að gerast réttindaskóli UNICEF. Það verða stóru póstarnir í starfinu ásamt þess að gæta að öryggi barna og velferð, en einnig ætlum við að athuga hvort við getum tekið upp Blæ eða hluta þess starfs. Það bíða því mörg skemmtileg verkefni fyrir utan önnur viðfangsefni eins og t.d. KR ferðir og uppbrotsdaga. Mikilvægastur er svo hversdagurinn sem er dýrmæti.

Hvað verður svo um undirritaðan sem er leikskólastjóri í afleysingum? Staðan verður auglýst þegar við höfum snúið aftur í Ægisborg og þá verður að koma í ljós hvort hann sækir um og hver fær stöðuna. Hið minnsta hefur þetta verið gaman hingað til.

Áfram Ægisborg. -Ási

2. Ytra og innra mat leikskólans fyrir 2025-2026

2.1 Ytra mat

Starfsmannakönnun var eina ytra matið sem fór fram á liðnu skólaári þar sem foreldrakönnun er aðeins gerð annað hvert ár. Könnunin var gerð lok árs undir merkjum *Stofnunar ársins* á vegum Gallup/Sameykis eins og mörg liðin ár, svo það var hægt að bera niðurstöður saman milli ára. Alls svöruðu 15 starfsmenn og Ægisborg var í 4. sæti af borgarreknum leikskólunum í sama stærðarflokki með 4,42 í heildareinkunn (af 5 mögulegum). Samanburð á þáttum Ægisborgar og annarra borgarstofnana má sjá hér að neðan.



Niðurstöður Ægisborgar. Heildartala er 4,42 og hæst skora stjórnun og starfsandi (4,74 og 4,75) og lægst skorar liðurinn launakjör (3,56). Starfsfólk merkti við þætti á skalanum 1-5. Athygli vekur að Ægisborg er á pari eða yfir öllum meðaltölum utan liðnum sveigjanleiki vinnu.

Niðurstöður þessa árs má túlka sem afskaplega frambærilega. Vissulega lækkar heildartalan um 0, 11 stig frá árinu áður en hafa þarf í huga að upp kom mygla 5 mánuðum fyrir könnun og því virkilegur varnarsigur að halda dampi. Eftirtektarvert er að liðurinn starfsskilyrði skuli þó haldast í 3,86. Það má ályktа að í Ægisborg hafi verið sterkir innviðir samstarfs og starfshátta.

Þeir þættir sem hæst skoruðu hæst snéru að ímynd, stjórnun og samstarfi, en þeir lægstu lutu að aðbúnaði (sérstaklega loftgæðum), sveigjanleika og launum.



Samanburður hæstu og lægstu svara í könnuninni. Starfsfólk er ánægt með stjórnun og samstarf en þrjú af fimm lægstu svörunum snéru að aðbúnaði.

Það sem álykta má af könnun Gallups/Sameykis er að Ægisborg sé á góðum stað í starfsmannamálum. Starfsfólk finnur þó vissulega illa fyrir umhverfisþáttum og aðbúnaði, svo sem loftgæðum sérstaklega en einnig upplifa Ægisborgarar sig bundna í vinnunni og hafi takmarkaðan sveigjanleika. Í ljósi aðstæðna eru loftgæði eðlilega lægsti þáttur, en þátt eins og tækjakost ætti að vera einfalt að laga. Forvitnilegt verður að sjá niðurstöður næstu könnunar en þá verðum við væntanlega komin inn í nýviðgerða Ægisborg með góðu loftræstikerfi.



Morrinn á rölti um garðinn með nokkrum börnum

2.2 Innra mat

Innra mat er fjölþátta vefur. Ekki skal lítið gert úr óformlega og formlega innra matinu sem fer fram í dagsins önn, t.d. á morgunfundum stjórnenda. Formlegt innra mat fór að mestu fram á skipulagsdegi 4. maí og einnig á fagfundi þann 7. sama mánaðar. Hér fer á eftir niðurstöður matsins en fjölmargir þættir voru undir. Deildarstjórar gera svo grein fyrir áherslum deilda í sérpistlum hér á eftir.

Þeir þættir sem voru metnir á skipulagsdegi 4. maí af starfsfólki voru þessir:

Leikur nám og gleði. -Sameiginleg þátttaka barna og fullorðinna í leikheimi. Stefnt var að því að þátttaka fullorðinna yrði almennari í leikheimi sem börn og fullorðnir byggju til sameiginlega. Múmínheimurinn varð meira og meira áberandi í leikskólalífinu en það er mörgum þung skref að þora að leika sér í hlutverki. Margt var gert til að brjóta ísinn og var mat starfsfólks að það miðaði í rétta átt.

Sköpun – að gera sköpun hærra undir höfði. Það var samdóma niðurstaða að unnið væri eins vel og hægt væri miðað við aðstæður. Aðgengi að skapandi efnivið er töluverður en alltaf má gera betur. Stefnt er að því að nýta gömlu skrifstofuna í Ægisborg sem listaskála.

Þeir þættir sem var farið yfir af matsnefnd á fagfundi voru þessir:

Staða ritunar námskrár. -Ekki var lokið við ritun og frágang endurskoðaðrar námskrár Ægisborgar. Lítið vantar þó upp á en ákveðið var að bíða með lokavinnuna til hausts þar sem leikskólar borgarinnar fara þá í sameiginlega vinnu við ritun námskrár.

Græn skref. Í framkvæmdum og flutningum týndist áframhaldandi vinna með græn skref. Enda lá fyrir að við myndum flytja út úr stóra húsinu og ekki rétt að kosta til vinnu við það sem gæti ekki verið upphaf að meitluðum starfsháttum. Vitanlega hélst það skref sem þegar hafði verið stigið.

Þekking á kynferðislegri hegðun og ofbeldi. Stefnt var að því að allir Ægisborgarar sætu netnámskeiðið *Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglinga* hjá Barna- og fjölskyldustofu. Þetta tókst prýðilega og næstum allir luku því.

Starfsþróunarsamtöl. Stefnt var að því að allir starfsmenn fengju starfsþróunarsamtal. Ekki náðist það en leikskólastjóri tók 10 formleg starfsþróunarsamtal í vetur.



Vetur í Múmíndal

2.2.1 Innra mat deilda

Í leikskólastarfi, sem er flókinn vefur starfshátta og leiks, er margt metið af starfsfólki t.d. á deildarfundum og deildarstjórafundum. Sumt af því mati er nákvæmara en annað, en segja má að innra mati megi m.a. gera skil á tvennan hátt; með greinargerð og svo nákvæmari umbótaáætlun.

Innra mat Kots

Greinargerð Lilju Jónsdóttur deildarstjóra.

Vorið 2025 byrjuðu 2 börn í Kotinu og 11 börn um haustið, en tvö börn héldu áfram í Koti frá fyrra ári. Aldurskiptingin á hópnum var þannig: 2 börn fædd í lok árs 2022, 12 börn fædd 2023 og eitt barn fætt 2024. Á deildinni eru 4 starfsmenn í fullu starfi og einn í hálfu.

Það voru fastir liðir að venju í dagskipulagi Kots; morgunmatur, útivera fyrir hádegi (og eftir hádegi með hækkandi sól) hádegismatur, hvíld og síðdegishressing. Hvíldin skiptist í tvo hópa eftir svefnþörf. Það eru tvær fastar samverustundir, önnur fyrir hádegismat þar sem við syngjum, förum með þulur og lesum bréf og hin eftir síðdegishressingu en þá er lesið.

Þetta ár voru jafn miklir lestrarhestar í Kotinu og í fyrra og voru lesstundirnar fastur liður sem mátti ekki sleppa. Börnunum var skipt í 2-3 hópa eftir aldri og áhuga og voru stundirnar mislangar. Börnin voru mjög dugleg að koma með bækur að heiman í vetur og einnig voru þau dugleg að koma með bréf. Það var eiginlega sett bréfamet þennan vetur og einnig met í lestri en lesstundirnar náðu af og til klukkutíma, en svo mikill var áhuginn.

Leikurinn var að sjálfsögðu í aðalhlutverki eins og alltaf en börnin velja sér leikefni eftir áhuga og var hann í flæði á milli fastra liða alla daga. Flæðið náði einnig til síðdegishressingar eins og í fyrra og þá skapaðist enn meiri tími í leik -en börnin skruppu og fengu sér matarbita og héldu svo áfram í leik þar sem frá var horfið.

Við héldum upp á dag íslenskrar tungu, hrekkjavöku, jólin, þorrann, bolludag, sprengidag og öskudag, svo eitthvað sé upp talið. Við vorum með vasaljósadag, dótadaga, bangsadaga og náttfatadaga. Eftir áramót buðum við foreldrum, líkt og hinar deildirnar, að staldra við milli 8-9 á fimmtudögum og fá sér kaffibolla en mjög fáir nýttu sér það. Í júní vorum við með vatnsviku, hreyfiviku og íþróttahátíð og það var mikið fjör og gleði. Öll börnin í fengu að fara í heimsóknir í íþróttatíma í KR í vetur með eldri börnunum, sem var mjög skemmtilegt og vinsælt.

Í mars urðum við alein í Kotinu þegar félagar okkar í Ægisborg fluttu í Drekaland (Hagaborg). Við vorum mjög ánægð með að viðgerðir voru hafnar, en á sama tíma söknuðum við vinnufélaga og barna. Við fórum af og til í heimsókn Drekaland og það fannst börnunum skemmtileg tilbreyting.

Við héldum áfram að vinna með verkefnið *Leikur nám og gleði* þar sem við horfum á leik sem aðalnámsleið barna með þátttöku kennarans. Verkefnið er unnið í samvinnu með þremur öðrum skólum, Gullborg, Drafnarsteini og Álftaborg. Við héldum okkur við Múmínþemað enda er Morrinn aðalstjarnan í leikskólanum. Við vorum með leikstundir þar sem kennarar brugðu sér í hlutverk og tóku þátt í leik barnanna. Mikill áhugi var á Múmin í Kotinu og aðallega Morranum auðvitað. Einn af umbótaþáttum var að hafa fleiri leikstundir, en það hefði mátt gera betur og við stefnum á það næsta vetur. Hinn umbótaþátturinn var að hafa reglulega deildarfundi, það gekk ekkert svo vel en við nýttum skipulagsdagana vel og erum í miklum daglegum samskiptum og dugleg að taka samtalið og gera breytingar ef þarf.

Umbótaáætlun Kots fyrir komandi vetur:

Kot	
Uppeldis og menntastarf	*Leikur nám og gleði.* Fleiri leikstundir og efla þátttöku fullorðinna. Búa til fleiri búninga.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Leikgleði, styrkja félagsþroska og samleik, umhyggju og samkennd, virkja starfsfólk.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Leikstundir settar í vikuskipulag.
Ábyrgð	Deildarstjóri.

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1. október 2026 - 1.júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Skráningar og myndir, undirbúningstímar og deildarfundir.
Viðmið um árangur	Eru börnin áhugasöm? Tók starfsfólk þátt? Átti starfsfólk frumkvæði að leikstundum? Fjöldi búninga sem bættist við.

Kot	
Uppeldis og menntastarf	Skapandi starf
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að bjóða oftar uppá skapandi efnið, að mála, klippa, líma, og búa til allskonar listaverk
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa efniviðinn sýnilegri og aðgengilegri fyrir börnin. Bjóða uppá allskonar efnivið, liti blöð, verðlaust efni, málningu, tréliti, vaxliti
Ábyrgð	Deildarstjóri og leikskólakennari
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1. september 2026 - 1. júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundi á skipulagsdegi í janúar og að vori. Skráningar, myndir (fyrir og eftir) og deildarfundir
Viðmið um árangur	Er aðgengi sannarlega betra samkvæmt myndum? Og hversu mörg listaverk voru unnin á skólaárinu? 😊

INNRA MAT FJÖRUDEILDAR

Greingargerð Vilborgar Lilju Bragadóttur, deildarstjóra.



Sumargarður

Haustið 2025 á Fjörudeild hófst með 13 börnum fæddum árið 2022. Úr Koti komu 11 börn og tvö börn bættust við úr öðrum leikskólum. Deildin var ekki fullskipuð börnum vegna fyrirhugaðra flutninga. Herdís Styrkársdóttir (Ditta) var nýr deildastjóri á Fjörudeild þegar veturinn hófst en lenti í slysi í janúar og þurfti því frá að hverfa, en þá tók undirrituð við því hlutverki. Talsverðar breytingar voru á starfsmannahópnum á Fjörudeild þennan veturinn. Þá

flutti deildin, í byrjun mars, ásamt Bárudeild og Öldudeild úr húsnæði Ægisborgar í Drekaland. Þrátt fyrir þetta mótlæti tókst okkur vel að halda í leikgleðina á Fjörudeild.

Aðlögun barna í haust gekk heilt yfir mjög vel og komu með mjög frjótt ímyndunarafl í leik og mikinn lesáhuga í farteskinu úr Koti. Var okkur mikið í mun að halda í það og tókst vel upp. Við gerðum lestri hátt undir höfði og vorum við með að lágmarki eina lesstund á dag fyrir allan hópinn eða tvískiptan hóp eftir áhuga. Lásum við þá ýmist í samverustundum, hvíld eða sérstökum lesstundum. Skemmtilegt væri að hafa bókaval skýrara eftir tímabilum og jafnvel árstíðatengt. Gætum við þá náð enn dýpri umræðum um sögurnar og tengt þær betur raunheimi barnanna. Börnin voru dugleg að koma með bréf að heiman, er það frábær leið til að tengja saman heimili og skóla, þekkja betur fjölskyldu og áhuga barnanna heima fyrir.

Á Fjörudeild var leikurinn í miklu aðalhlutverki þennan veturinn. Börnin völdu sér leikefni eftir áhuga, oft margt í einu og tókst þeim að ná góðu flæði í sínum leik. Eftir því sem leið á vorið færðist leikurinn meira út og kom það fyrir að hlutverkaleikur þeirra hélt áfram allan daginn úti og inni á víxl. Þau skilaboð sem starfsfólk Fjörudeildar reyndi fyrst og fremst að koma til barnanna í gegnum leikinn er að sýna öðrum virðingu og umhyggju og hafa gaman. Tókst það nokkuð vel og er barnahópurinn orðinn samheldnari og heilt yfir umburðarlyndari.

Krakkarnir höfðu frjálsan aðgang að litum, pappír, skærum og (stundum) límí til frjálsrar listsköpunar. Mörg voru dugleg við að sækja í þann efnivið og langar okkur mikið til að hafa úrvalið fjölbreyttara og meira af verðlausum efnivið. Eins væri gaman að vera duglegri við að hvetja krakkana til að búa til það leikefni sem þau vantar í leikinn eða þróa leik út frá því sem þau skapa í höndunum og tengja þannig saman listsköpun og leiksköpun.

Síðari hluta sungum við meira við góðar undirtektir barnahópsins. Við tengdum lagavalið árstíð og lærðum margt um þær í leiðinni. Okkur reyndist vel að fara sameiginlega yfir textana með börnunum og finnst okkur krakkarnir skilja innihald þeirra betur auk þess sem ýmiss áhugaverður orðaforði sniglaðist með. Einnig reyndist vel að hafa myndlýsingar með textanum til að hnykkja á textanum.



Frá hinum alþjóðlega drullumallsdegi í garði Hagaborgar



Afleiðingar drullumallsdags!

Við lögðum upp úr því að efla sjálfstæði barnanna, sérstaklega í fataklefa og í matsal. Gáfum við þeim oftast góðan tíma til að klæða sig sjálf í fataklefanum og biðja um aðstoð ef þau þurftu á að halda. Líkt og undanfarin ár voru matmálstímar í flæði og gátu börnin því valið um að fara snemma eða síðar að borða. Börnin skömmtuðu sér sjálf af hlaðborði, helltu í glös og æfðu sig í að skera og stappa. Hélst þetta fyrirkomulag í Drekalandi og höfum við séð miklar framfarir hjá þeim síðan í haust.

Við gerðum ýmislegt til uppbrots á hversdagsleikanum þennan veturinn. Við héldum venju samkvæmt upp á ýmsa hátíðisdaga og afmæli en auk þess fórum við á Línu Langsokk sýningu í Norræna húsinu, á leikvelli í nágreninu, á bókasafn og í fjöruferð. Við fórum í KR með krökkunum á Bárudeild og gekk það vel.

Flutningarnir í Drekaland gegnu framar björtustu vonum hjá barnahópnum. Þau voru heilt yfir spennt að koma í nýtt húsnæði, leika með nýtt dót og kynnast nýju útisvæði. Starfsfólk vandist svo nýjum aðstæðum fljótlega eftir flutningana. Eftir að samræmt dagskipulag komst á á milli deilda fór allt að ganga áreynslulausara og rýmið í Drekalandi nýttist öllum betur. Flutningarnir sýndu okkur bæði hvað hefur verið gott í Ægisborginni en einnig hvað mætti gera betur þar. Til að mynda söknum við þess mikið að geta haft notalegt afdrep fyrir börnin, skipta barnahópnum upp í tvær stofur og hvað hljóðvist getur skipt miklu máli. Á móti kemur höfum við fundið í Drekalandi góða kosti þess að nýta matsalinn fyrir spil og ýmsa borðleiki milli matmálstíma þar sem börn af öllum deildum geta sest saman, með eða án kennara. Einnig finnst okkur rýmið til frjálsrar listsköpunar innan deildarinnar nýtast betur í Drekalandi. Verður það umbótaþáttur Fjörudeildar fyrir næsta vetur að hvetja börnin meira til frjálsrar listsköpunar, bæta við fjölbreyttari efnivið og bæta alla aðstöðu sköpunar.

Annar umbótaþátta vetrarins var að gera flæði markvissara þar sem yrðu ákveðnar stöðvar með umsjón starfsfólks. Varð það ekki eins og áætlað var, heldur of frjálslegt, sérstaklega eftir flutningana í Drekaland þar sem svæðið er minna og þrengslin talsverð. Þessi umbótaþáttur mun fylgja okkur áfram inn í næsta vetur þar sem markmiðið er að gera flæðið milli deilda og svæða markvissara með niðurröðun starfsfólks á svæði en það verður gert í samráði við hinar deildirnar.

Hinn umbótaþáttur síðasta vetrar var að gera listsköpun hærra undir höfði í daglegu starfi og að börnin fengju fleiri tækifæri til að skapa úr ýmsum efnivið. Hefur frjáls listsköpun farið heldur aukandi með vorinu en okkur langar að bæta í efniviðinn og auka möguleika á fjölbreyttari sköpun. Verkefna-tengda listsköpun má einnig auka.

Styrkleikar Fjörudeildar
Mikil leikgleði og náin tengsl barnahópsins á fámennri deild, málrækt með lestri og söng, vinsemd og gleði.
Tækifæri Fjörudeildar
Betra skipulag á flæði milli rýma, fjölbreyttari efniviður til frjálsrar listsköpunar og markvissara val á bóklestri og söng.

Umbótaþættir Fjörudeildar fyrir 2026-2027

Fjörudeild	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Stjórnun og skipulag: Flæði
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að flæði verði markvissara og það verði ákveðnar stöðvar með umsjón starfsfólks.
Aðgerðir til umbóta	Starfsfólk verði sett á stöðvar áður en flæði hefst.
Ábyrgð	Deildarstjórar þriggja deilda í stærra húsinu.
Hvenær hefst og áætluð lok?	Ágúst 2026 – maí 2027. Þá á innleiðingu að vera lokið.
Hvenær og hvernig á að meta? Viðmið um árangur?	Rætt í mati á starfi deilda á vormánuðum 2027. Vísað til matsnefndar á skipulagsdegi að vori. Var þessu hrint í framkvæmd og hvernig tókst til?

Fjörudeild	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis og menntastarf: Listsköpun
Tækifæri til umbóta	Listsköpun verði gert hærra undir höfði í daglegu starfi og börnin fái fleiri tækifæri til að skapa úr fjölbreyttum efnivið.
Aðgerðir til umbóta	Gefa listsköpun betra rými á deild og í dagskipulagi. Auka úrval efniviðar til listsköpunar. Vinna með skipulögð og frjáls verkefni.
Ábyrgð	Deildarstjóri.
Hvenær hefst og áætluð lok?	Ágúst 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Viðmið um árangur?	Endurmat að vori 2027. Starfsfólks deildarinnar metur á deildarfundi. Myndir og dæmi um efnivið f. og e. innleiðingu.



Spilað í Drekalandi

Innra mat Bárudeildar

Greinargerð Diljár Agnarsdóttur deildarstjóra.

Veturinn 2025-2026 voru færri börn á Bárudeild en nokkru sinni fyrr vegna viðgerða húss. Um haustið voru því einungis 13 börn á Bárudeild, fimm stelpur og átta strákar, öll fædd árið 2021. Sex þeirra hófu sinn annan vetur á Bárudeild, sex komu af Fjörudeild og eitt barn kom úr öðrum leikskóla. Aðlögun að hausti gekk mjög vel enda þekktust börnin innbyrðis og kennara vegna náinnar samvinnu Fjörudeildar og Bárudeildar veturinn á undan.

Mannabreytingar voru meiri en Bárudeild á að venjast en undirrituð tók við starfi aðstoðarleikskólastjóra til viðbótar við deildarstjórn og var því viðvera deildarstjórans minni en ella. Einn starfsmaður fór í fæðingarorlof um áramót og hlutastarfsmaður hélt utan í skiptinám í febrúar. En maður kemur í manns stað og við fengum frábært fólk í þeirra stað.

Starfið á deildinni gekk vel framan af vetri og börnin sjálfstæð og dugmikil, leikurinn átti hug þeirra allan og þróaðist töluvert. Þónokkuð var um borðvinnu í vetur þar sem áhugasvið margra barna lá í sköpun með pappír og litum og ekki síst límbandi. Ferðir í KR voru sem fyrr á dagskrá vikulega og við fórum með fámennri Fjörudeild og afskaplega viðráðanlegt að fara með 25 börn í KR ferðir. Flæði með Fjörudeild varð enn meira flæðandi en áður og notalegt að sjá börnin valsa óhindrað á milli deilda. Þriðja mars var svo loksins komið að viðgerð á húsinu og við héldum ásamt Fjörudeild og Öldudeild í Drekaland sem er gert fyrir færri börn og færra starfsfólk.

Við fórum í margar ferðir árinu: gönguferðir á leikvelli í nágrenninu, margar ferðir á bóksafnið á Seltjarnarnesi, fjöruferð, sögustund á Borgarbókasafnið í Grófinni og gönguferð um miðbæinn í desember, á barnakvikmyndahátíð í byrjun mars og á brúðuleikritið Fóa og Fóa Feykirófa á Barnamenningarhátíð í apríl. Til stendur svo að fara í heimsókn í gróðurhús og á ærslabelginn á Seltjarnarnesi í sumar.

Sem stendur er verkefnið *Sýna og segja frá* í gangi en þegar þetta er ritað hafa níu börn og tveir starfsmenn komið með hlut að heiman til að sýna vinum sínum. Þetta verkefni er alltaf skemmtilegt og gaman að sjá hvaða börnin koma með að heiman. Börnunum finnst lítið mál að vera miðpunktur athyglinnar, en kannski er það auðveldara nú á fámennri deild.

Áhugi barnanna á spilum hefur stóraukist við aukið framboð sem beið okkar í Drekalandi. Matsalurinn þar hefur einnig verið nýttur sem spilasalur og höfum við ákveðið að taka þá menningu með okkur aftur til baka í Ægisborg þegar við flytjum heim eftir viðgerðir.

Í umbótaáætlun fyrra árs var að halda fleiri deildarfundi, en þeir hafa verið haldnir á skipulagsdögum í vetur og voru því fleiri en oft áður. Vegna þess hve börnin eru fá og nálægð okkar við Fjörudeild mikil, hafa þeir gjarnan verið sameiginlegir og hefur það gefist vel. Á umbótaáætlun var einnig að hafa meira flæði og skipulagðara en áður, en vegna óvissunnar sem við stóðum fyrir í haust varð það ekki að veruleika. Hins vegar varð miklu meira flæði milli þriggja elstu deildanna í Drekalandi og frjálsræðið meira en við höfðum upphaflega planað. Listsköpun var einnig á umbótaáætlun og ætlaði undirrituð að girða sig í brók með það á starfsárinu, en með breyttri stöðu steig fram annar starfsmaður upp og tók þann bolta og börnin hafa skapað mörg og fjölbreytt verk í vetur.



Snjókarl í Drekalandi

Styrkleikar og tækifæri

Styrkleikar
Börnin nutu sín vel á fámennri deild, listsköpun var áberandi, aðlögunarhæfni barna og starfsfólks var mikil.
Tækifæri
Tökum tónlist og söng föstum tökum og komum skipulagi á flæði milli deilda.

Umbótaþættir Bárudeildar fyrir 2026-2027

Bárudeild	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Stjórnun og skipulag: Flæði
Tækifæri til umbóta	Að flæði verði markvissara og það verði ákveðnar stöðvar eða svæði með fastri umsjón starfsfólks.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk verði raðað á stöðvar áður en flæði hefst.
Ábyrgð	Deildarstjórar þriggja deilda í stærra húsinu.
Hvenær hefst og áætluð lok?	Ágúst 2026 – maí 2027, en þá á innleiðingu að vera lokið.
Hvenær og hvernig á að meta? Viðmið um árangur?	Rætt á matsfundi á starfi deilda á vormánuðum 2027.

Bárudeild	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis og menntastarf: Söngur og tónlist
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Syngja meira og markvissara, kenna börnunum flóknari lög og gera tónlist hærra undir höfði.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Taka fyrir ákveðin lög á ákveðnum tímabilum, börnin búa til hljóðfæri með kennurum.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og áætluð lok?	Ágúst 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Viðmið um árangur?	Endurmat að vori 2027 í samtali starfsfólks og með vettvangsathugunum að vetri.

Bárudeild	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Leikskólabragur: Múmínleikur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að múmínleiknum verði gert hærra undir höfði á deildinni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fjölga búningum og nýta fleiri tækifæri í daglegu starfi fyrir múmínleik.
Ábyrgð	Deildarstjóri.
Hvenær hefst og áætluð lok?	Ágúst 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Viðmið um árangur?	Metið með myndaskoðun í lok vetrar hvort múmínálfar hafi verið meira á ferðinni en árin á undan og mat á framförum starfsfólks. Er upplifun starfsfólks sú að það sé auðveldara að bregða sér í leik og eiga frumkvæði að því.



INNRA MAT ÖLDUDEILDAR

Greinargerð María Halldóru Jónsdóttur, deildarstjóra.

Í haust var tekið á móti 20 börnum á Öldudeild og var kynjaskiptingin hnífjöfn. Flest börnin komu af Bárudeild og nokkur af Fjörudeild, öll vön því að kíkja í heimsókn á Öldudeild, þannig að aðlögun gekk mjög vel. Mannabreytingar urðu einhverjar en sterkur kjarni var áfram og þá hjálpaði að fá sterkan fagmann úr leyfi -í viðbót við annað frábært fólk.

Leikurinn er alltaf í aðalhlutverk á Öldudeild og sérstaklega auðvitað hjá börnunum. Við höfum reynt eftir bestu getu að gera honum hátt undir höfði með því að hafa dagskipulagið sveigjanlegt og starfsfólk meðvitað. „*Leikum*“ er svar barnanna aðspurð um hvað þau geri í leikskólanum alla daga.

KR er annar fastur liður, en við höfum verið að fara þangað vikulega. Flest barnanna eru sammála um að það sé gaman og þá helst í regluleikjum. Eltingaleikir eins og Strumpaleikurinn, Dískólögga og Lögguleikurinn voru nefndir sem uppáhald og hefur hópurinn verið sérstaklega virkur í þátttöku.

Aðrir liðir sem hafa festst í sessi á Öldudeild er s*pikk og span* og *hugmyndakassi Öldudeildar*. Til þess að styðja við áframhaldandi leik barnanna ákváðum við að það þurfi ekki endilega að taka saman skemmtilegar kubbabyggingar, dýnuhús og annað slíkt í lok dags. Í staðinn er allt flokkað, tekið til og þrifið á föstudögum og köllum við það *spikk og span*. Það hefur fallið í misjafnan jarðveg hjá börnunum. „Það er gott að hafa svona krakka sem getað takað saman“ og „við erum OF dugleg“ og „ég langar bara að leika í staðinn“ var haft eftir þeim. Hugmyndakassi Öldudeildar er kassi sem safnar hugmyndum barnanna. Hann er að ljúka sínu öðru ári á deildinni og virðist vera kominn til að vera. Meðal hugmynda sem hafa komið úr honum er t.d. að stökkva ofan í eldfjall. Það kom í hlut Elsu, brellumeistara deildarinnar, að láta hana verða að veruleika. Börnin voru tekin upp stökkvandi af sandkassabrún og eldfjall var klippt inn í myndbandið. Aðrar hugmyndir voru auðveldari í

framkvæmd, eins og að fara út á róló eða hafa pylsupartý. Hér hafa börnin tækifæri til að hafa áhrif í leikskólanum og vel hefur tekist til.

Að vanda var elstu börnum leikskólans boðið í ýmsar heimsóknir. Við heimsóttum Grandaskóla og Melaskóla, okkur var boðið á sýningar í Borgar- og Þjóðleikhúsi og fórum á mjög flotta tónleika hjá Skólahljómsveit Vestur- og Miðbæjar í Ráðhúsinu. Við heimsóttum líka alþingi Íslendinga, þar sem við „vorum að merkja um peninga“ (kjósa) og lærðum Alþingi er rosalega gamalt. Í Alþingishúsinu er listaverk sem hvíslar. Börnin lögðu við hlustir og heyrðu m.a. „talaðu köttur“, „elskan“ og „hafiði hljóð“ hvíslað úr verkinu. Það er vert að taka það fram að eftir sýninguna í Þjóðleikhúsinu stoppuðum við í Hljómskálagarðinum og grilluðum pylsur í hádeginu (hugmynd úr hugmyndakassa).

Við tókum þátt í Söngvavori 2026, sem er leikskólaverkefni Barnamenningarhátíðar. Þetta árið var sungin tónlist eftir Dr. Gunna, sem féll vel í kramið hjá börnunum á Öldudeild. Börnin fluttu svo, ásamt u.þ.b. 300 öðrum leikskólabörnum, lögin í Hörpu. Þau gerðu það af mikilli snilld og eiga þá reynslu í bankanum að hafa sungið á sviðinu í Eldborg.

Þróunarverkefið okkar *Leikur, nám og gleði* hélt áfram að þróast og Ægisborg hélt áfram með Múmínþemað, enda orðinn þekktur sem Múmínleikskóli. Morrinn var fastagestur á viðburðum og fleiri persónur úr Múmíndal léku sér við börnin í Ægisborg.

Á vormánuðum þurfti stór hluti Ægisborgar að flytja í Drekaland. Okkur þótti sérstaklega gott að vera enn í Vesturbænum, gátum haldið áfram að fara í KR og kíkt yfir í Ægisborg að leika á lóðinni. Okkur hefur tekist að koma okkur vel fyrir og líður vel í Drekalandi. Við höfum verið dugleg við að nýta okkur nálægðina við skemmtilega leikvelli og þá sérstaklega ærlsabelginn við Ægisíðu (úr hugm.kassanum).



Lesstund í Drekalandi

Útskriftardagur barnanna á Öldudeild var að vanda haldinn hátíðlegur í Ægisborg. Fjölskyldum var boðið á útskriftarathöfn og stuttmyndirnar *Ofurútskriftarbíómynd 2026 -María Halldóra stjórnar öllu* og *Leitin mikla* voru frumsýndar. Þær hlutu einróma lof áhorfenda og það var deildarstjóranum mikill heiður að vera aðalpersóna í annarri myndinni sem stjórnaði af miklum eldmóði. Eftir þetta var haldið í Drekaland þar sem slegið var til veislu að hætti Pálínu og börn og fullorðnir áttu huggulega stund.

Í umbótaáætlun síðasta árs stefndum við að því að gera sköpun barnanna sýnilegri. Það þykir okkur hafa tekist prýðilega. Verkefnin hafa verið árstíðabundin, fjölbreytt og mátulega krefjandi. T.d. höfum við verið að sauma, vefa, klippa út, mála, teikna, puttaprjóna, perla, leira o.fl. Börnin hafa verið áhugasöm og hvatt hvert annað áfram.



Samvinna

Annar þáttur var að skipuleggja flæði milli deilda betur. Aðstæður í Drekalandi bjóða upp á að börnin flæði um allt hús, en er ekki nógu markvisst. Matsalurinn í Drekalandi er vel nýttur og eru börn þar nánast öllum stundum. Við stefnum að því að matsalurinn í Ægisborg verði jafn vinsæll þegar við snúum aftur þangað og viljum gera flæðið markvissara.

Við ætluðum líka að bjóða elstu börnunum með í síðasta foreldrasamtalið í leikskólanum. Drekaland bauð því miður ekki upp á aðstæður til þess og mun þetta því færast yfir á næstu umbótaáætlun.

Til að bregðast við framurðarvanda margra barna á Öldudeild höfðum við hugsað okkur að nýta okkur það sem Lubbi hefur upp á að bjóða, en var neitað um námskeið utan allur skólinn tæki þátt.

Þegar við fáum aftur inn í Ægisborg verður helsta verkefnið að koma okkur vel fyrir, hvar sem það verður í húsnæðinu. Áhersla verður lögð á að skipuleggja rýmið til þess að það styðji við fjölbreyttan leik og sköpun barnanna.

Öldudeild	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Skipulag -Þátttaka barna í foreldraviðtali
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Foreldra- og barnaviðtöl -Að börnin stýri sínu síðasta foreldraviðtali
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börn fá spurningar með heim, svara með foreldrum og mæta með í viðtalið
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og áætluð lok?	Vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Vor 2027 á deildarfundi og með foreldrum
Viðmið um árangur	Gert eða ógert eða hve mörg?

Öldudeild	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis og menntastarf -Flæði
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að gera flæði markvissara
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipuleggja sjónrænt, hafa fjölbreytt og áhugaverð svæði í boði
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og áætluð lok?	Haust 2026 –Vor 27 á innleiðingu að vera lokið
Hvenær og hvernig á að meta?	Vor 2027 – rýnihópur barna og starfsfólks.
Viðmið um árangur	Huglægt mat. Rætt í mati á starfi á vormánuðum

Öldudeild	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis og menntastarf -Lýðræði
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Réttindi barna og lýðræði- tengt réttindaskóla UNICEF
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að börnin læri um réttindi sín og hafi áhrif á starfið og daglegt líf
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og áætluð lok?	Haust 2026- Vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Vor 2027 – á matsfundi á skipulagsdegi og deildarfundi. Hve margar tillögur berast í hugmyndakassa barnanna og hve margar framkvæmdar.
Viðmið um árangur	Huglægt mat. Rætt í mati á starfi á vormánuðum



Útihvíld

Innra mat sérkennslu

Greinargerð Sólveigar Halldórsdóttur sérkennslustjóra.

Þar sem undirrituð hóf störf 1. apríl 2026 byggir þessi greinargerð á fyrirliggjandi skriflegum gögnum vetrarins, upplýsingum frá starfsfólki sérkennslu og annarra starfsmanna leikskólans, ásamt upplýsingum frá Auði Inez fráfarandi sérkennslustjóra.

Þrátt fyrir sérkennslustjóraskipti undanfarin ár, þá tek ég við góðu búi hér í Ægisborg. Það er góð og fjölbreytt þekking og menntun í starfsmannahópnum og það er mín upplifun að starfsfólk mæti verkefnum af jákvæðni, hlýju og fagmennsku.

Notast er við atferlisþjálfun í vinnu með börnum á einhverfurófi og við búum vel að vera með atferlisfræðing í hópnum. Aðferðir atferlisþjálfunar nýtast einnig í starfinu með öllum börnum leikskólans. Á umbótaáætlun síðast árs stóð til að vera með fræðslu fyrir starfsmenn um atferlisþjálfun á starfsdegi, og að starfsmenn sérkennslu færu á námskeið RGR til að dýpka þekkingu sína. Þessi markmið náðust ekki vegna mannabreytinga og flutninga en bætt verður úr í haust.

Sjö börn voru með skilgreindan stuðning í sérkennslu í vetur. Í lok vetrar sinntu fjórir starfsmenn sérkennslu í fullu starfi og einn í hlutastarfi. Áskoranir vetrarins hafa helst verið mannabreytingar og húsnæðismál. Nýr starfsmaður hóf störf í fullu starfi sérkennslu í febrúar, Auður Inez sérkennslustjóri fór í fæðingarorlof í lok mars og undirrituð tók við í byrjun apríl. Þegar flutt var í Drekaland var sérkennslunni settar þrengri skorður, en það hefur gengið vonum framar að finna góðar leiðir þrátt fyrir þröngan húsnæðiskost. Sem betur fer leysist þetta þegar við komumst aftur heim í Ægisborg.

Við sjáum ekki fram á miklar mannabreytingar í hópnum á næstunni, en einn starfsmaður heldur til framhaldsnáms í sálfræði. Það eru því engar stórar hindranir fyrirsjánlegar næsta vetur. Nokkur börn sem hafa verið með skilgreindan stuðning munu hefja grunnskólagöngu í haust svo að verkefnum sérkennslu mun fækka við þau tímamót. Með nýjum börnum fylgja svo ný verkefni og við hlökkum til að halda áfram að vaxa og byggja upp faglega og öfluga sérkennslu í Ægisborg á komandi starfsári.

Umbótaáætlun sérkennslu 2026-2027

Sérkennsla í Ægisborg	
Stjórnun-sérkennsla	Tryggja upplýsingaflæði milli starfsmanna sérkennslu og starfsmanna deilda.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að öll sem vinna með barnið séu meðvituð um markmið einstaklingsnámskrár hverju sinni og geti tekið virkan þátt í stuðningi við barnið. Í Ægisborg er þétt samvinna og gott samtal milli starfsmanna deilda en með því að setja upplýsingaflæðið í fast form tryggjum við að allar upplýsingar komist örugglega til skila.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipuleggja fasta fundi á u.þ.b. 6 vikna fresti þar sem sérkennslustjóri/starfsfólk sérkennslu fundar með deild barns sem er í sérkennslu og fer yfir þau markmið sem unnið er með í einstaklingsnámskrá barnsins hverju sinni.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Fara yfir hvort fundir hafi verið haldnir á 6 vikna fresti og hvort starfsfólk upplifi að með fundunum sé upplýsingamiðlun tryggð eða hvort meira þurfi til. Metið á síðasta starfsdegi vetrar.

Sérkennsla í Ægisborg	
Mannauður - sérkennsla	Námskeið fyrir starfsfólk sérkennslu í atferlisþjálfun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að öll sem starfa í sérkennslu komist á námskeið RGR í atferlisþjálfun, einhverfu, snemmtækri íhlutun – eftir þörfum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Námskeiðalisti RGR kemur að hausti og þá er hægt að skrá fólk til þáttöku
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skráning á námskeið í ágúst/september fyrir námskeið haustannar.
Hvenær og hvernig á að meta?	Meta í lok haustannar hvort öll hafi komist á þau námskeið sem þau voru skráð á og hvort einhver þurfi að fara á námskeið á vorönn.

Sérkennsla í Ægisborg	
Uppeldis og menntastarf - sérkennsla	Vináttuverkefnið Blær
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Kanna hvort áhugi sé á að innleiða Vináttuverkefnið Blær (Barnaheill) formlega
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við erum með verkefnatösku Blæs í láni og ætlum að prófa að nota efnið í samverustundum á deildum og í minni hópum í sérkennslu.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Júní-ágúst 2026 – Nota verkefnin í töskunni í völdum samverustundum
Hvenær og hvernig á að meta?	Starfsmannahópurinn metur í sameiningu á fyrsta starfsdegi hausts hvort við teljum verkefnið falla vel að starfi Ægisborgar og hvort við viljum innleiða verkefnið í heild sinni.

Sérkennsla í Ægisborg	
Mannauður, menntun- sérkennsla	Fræðsla um atferlisþjálfun fyrir allt starfsfólk
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að allt starfsfólk Ægisborgar öðlist grunnþekkingu á aðferðum atferlisþjálfunar
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Atferlisfræðingur sérkennsludeildar verður með fræðsluerindi á öðrum starfsdegi haustannar
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Á öðrum starfsdegi haustannar
Hvenær og hvernig á að meta?	Eftir fræðsluna telst markmiði náð- gert/ógert.



Krabbi sem vakti mikla athygli í Grandaskóla

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 -sameiginlegir þættir

Nokkuð margir umbótaþættir voru í starfsáætlun liðins árs og má sjá umfjöllun um þá í kaflanum hér á undan um innra mat. Út frá þeim og vegna annarra áherslna sem mótast hafa á liðnum mánuðum hefur starfsfólk Ægisborgar sett fram umbótaþætti komandi skólaárs. Þá má sjá í töflunni hér á eftir.

Leikur, nám og gleði – Múmínverkefnið.	
Uppeldis og menntastarf	Þróunarverkefni um leik og þátttöku fullorðinna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að allt starfsfólk Ægisborgar fjölgi leikstundum og skapi almennari þátttöku kennara. Niðurstöðum skilað á ráðstefnu með þátttökuskólum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Velja nýjar sögur/kveikjur, bæta við búningaúrvali og fjölga Múmínskráningum í ferilmöppu. Leikþættir kennara fyrir börn og með börnum.
Ábyrgð	Verkefnisleiðtogar (María og Lilja) og leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Á hausti til vors
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið á verkefnisfundi fyrir jól og á skipulagsdegi að vori.

Réttindaskóli Unicef	
Uppeldis og menntastarf	Að Ægisborg gerist réttindaskóli Unicef
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Ægisborg hefur á undanförnum árum unnið betur og betur með grunnþættina lýðræði og mannréttindi. Með því að gerast réttindaskóli Unicef verður starfið gert markvissara og skýrara.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að sitja námskeið sem réttindaskólar þurfa að kynna sér og taka upp þá starfshætti og námsefni sem Unicef skólar þurfa að hafa.
Ábyrgð	Hlíf Sverrisdóttir hefur forgöngu og hún og leikskólastjóri bera ábyrgðina.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust til vors.
Hvenær og hvernig á að meta?	Á skipulagsdegi vorið 27

Öryggi barna og velferð	
Mannauður og skólabragur	Verklagsreglur um öryggi barna og starfsfólks í leikskólanum
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Starfsfólk Ægisborgar þarf að móta sínar reglur um starfshætti tengt öryggi barna og starfsfólks.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Móta skriflegar reglur um starfshætti. Opna rými og fá glugga á rými sem hafa verið aflokuð. Að allt starfsfólk ljúki við netnámskeið Bofs og námskeið Jafnréttisskólans Frá tabú í traust. Að verklag verði partur af nýliðfræðslu. Að verklag fari í starfsmannahandbók.
Ábyrgð	Leikskólastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust. Lokið í október.
Hvenær og hvernig á að meta?	Á skipulagsdegi vorið 27

Listaskáli	
Uppeldi og menntastarf	Gera sköpun hærra undir höfði
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Breyta gömlu skrifstofu í aðalhúsi í listaskála.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hanna gömlu skrifstofu þannig að hægt verði að vinna þar að sköpun. Trönur og efniviður gerður aðgengilegur.
Ábyrgð	Leikskólastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust til vors.
Hvenær og hvernig á að meta?	Á skipulagsdegi vorið 27

Umhverfismennt	
Uppeldi og menntastarf	Græn skref
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Næsta græna skref stigið í Ægisborg
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Farið eftir verkplani stigs 2 í grænum skrefum
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Janúar til vors
Hvenær og hvernig á að meta?	Á skipulagsdegi vorið 27



Ægisborg í viðgerð

4. Starfsþróunarsamtöl

Leikskólastjóri tók starfsþróunarsamtöl í nóvember og desember og svo aftur á vordögum en ekki náðist að eiga samtal við alla starfsmenn. Um var að ræða svokölluð snerpusamtöl og verður settur kraftur í það á komandi mánuðum og klárað að ræða við þá sem eftir standa.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Tvö námskeið voru á skipulagsdögum liðinn vetur. Á haustönn kom Ólafur Ingi Grettisson til okkar og hélt námskeið um skyndihjálp og að vori kom Ásgerður Guðmundsdóttir sjúkraþjálfari með erindi um líkamsbeitingu. Að öðrum ólöstuðum sló Gunnar Helgason í gegn á skipulagsdegi 4. maí, en hann kom til að vekja leikgleði starfsfólks.

Torgið er annars okkar aðalnámsuppspretta í símenntun leikskólans. Nánast allt starfsfólk lauk námskeiði Barna- og fjölskyldustofu um kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun 2-6 ára barna sem og námskeiði um matvælaöryggi svo fátt eitt sé nefnt af þeim vettvangi. Komandi vetur mun hugað enn betur að öryggi barna og velferð og mun leitast eftir að fá Indíönu Rós Ægisdóttur til okkar með umfjöllun um forvarnir gegn ofbeldi út frá námskeiðinu *Frá tabú í traust*.

Múmínverkefnið okkar og áhersla Ægisborgar á leik krefst þess að við rifjum upp leik barna, mikilvægi hans og eðli. Það verður gert en þótt margir Ægisborgar þekki þau fræði vel bætist nýtt fólk í hópinn jafnt og þétt. Við höfum einnig ætlað okkur að gerast réttindaskóli Unicef og það þýðir heilmikla fræðslu um rödd barna og þátttöku. Þessu til viðbótar er skólafólkið hvatt til að leita sér þekkingar og sitja námskeið tengt okkar ágætu uppeldisfræðum eins og kostur er. Allt stefnir í að þrír starfsmenn í Ægisborg verða í leikskólakennaranámi næsta vetur og er það afar ánægjulegt.



Gunnar Helgason virkjaði starfsfólk í leik þann 4. maí.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Grandaskóli er samstarfsskóli Ægisborgar. Í vetur fóru börnin í nokkrar heimsóknir þangað, en venjulega heldur góður hluti elstu barna Ægisborgar í Melaskóla að hausti. Þess vegna er farið í eina heimsókn þangað á vordögum. Börnin fengu einnig að skoða frístundina Selið til viðbótar við Undraland. Slíkar heimsóknir eru okkur afar kærkomnar og erum þakklát að fá að heimsækja fleiri en einn skóla.



Grandaskóli

Næsta vetur verður skipulagið þannig

7. október koma 1. bekkingar í heimsókn í Ægisborg og geta sagt verðandi skólabörnum hvernig það er að byrja í skólanum og geta leikið smá og kíkt á ekki svo mjög fornar slóðir.

- Þann 8. desember kl. 9 fara Ægisborgarbörnin á jólasýningu í Grandaskóla.
- Ægisborgarbörnin fara í heimsókn á bókasafn Grandaskóla þann 15. febrúar kl. 9 og fá skoðunarferð um safnið og skólann.
- Þann 11. maí, kl. 9:00 er börnunum boðið að mæta í kennslustofur, leysa verkefni og fara í samsöng með 1. og 2. bekk. Þau fara svo í frímínútur og enda svo á nesti með 1. bekk.



Heimsókn í Grandaskóla.

7. Foreldrasamstarf

Lærdómssamfélagið Ægisborg samanstendur af börnum, foreldrum og starfsfólki. Í því er menntandi umhyggja lykilatriði og að samskipti byggi á virðingu. Ekkert kemur í stað góðra og notalegra samskipta heimilis og skóla. Mikilvægustu samtöl kennara og foreldra eru þau daglegu en foreldraviðtöl eru frjálsari að hausti. Formleg foreldraviðtöl fyrir alla er í mars. Kynningarfundir fyrir foreldra er erfitt að tímasetja, þar sem ekki er vitað hvenær við flytjum aftur í Ægisborg og hvernig aðlögun gengur.



Frá Ægisborgarhlaupinu

Skipulagsdagar í Ægisborg verða eftirfarandi:

24. ágúst

30. september
sameiginlegur í skólum Vesturbæjar.

6. nóvember

15. janúar

5. febrúar- sameiginlegur í skólum Vesturbæjar

27. apríl - sameiginlegur í skólum Vesturbæjar

Í foreldraráði Ægisborgar sátu 5 fulltrúar liðinn vetur. Ráðið er m.a. ráðgefandi um starfsáætlun, sumarlokun og annað sem viðkemur breytingum á starfsemi er lagt fyrir foreldraráð. Ráðið hefur fundað í nokkur skipti með leikskólastjóra og reynst Ægisborg stoð og stytta í því húsnæðisfári sem riðið hefur yfir. Liðsinni foreldraráðs er afar dýrmætt.

Foreldraráð 2025-2026 skipuðu: Bryndís Eir Kristinsdóttir form., Ingibjörg Svana Ásgeirsdóttir, Kolbeinn Tumi Bergs, Stefanía Dögg Jóhannesdóttir og Steinunn Sandra Guðmundsdóttir. Nýtt ráð verður skipað að hausti.

Foreldrafélag Ægisborgar er góð viðbót við leikskólalífið og stendur að nokkrum viðburðum ár hvert. Helst ber að nefna jólaball fyrir börn og foreldra, vorheimsókn í sveit og sumarhátíð, fyrir utan annað sem til fellur. Formaður foreldrafélagsins er Bryndís Einarsdóttir.

Foreldrar tóku þátt í mörgum viðburðum liðið starfsár, svo sem aðventukaffi og foreldraviku í byrjun janúar og samkomu að vori sem var í æðislegu veðri, lokatíma KR, útskriftarhátíð að ógleymdum hinum valfrjálsu kaffistundum fimmtudagsmorgna

alveg þangað til við fluttum í Drekaland. Eftir það gátu aðeins Kotforeldrar staldrað við. Það sem við söknum húsnæðis sem getur boðið upp á foreldrakaffi að morgni og almennilegt vöfflukaffi.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Á síðunni á undan mátti sjá til hliðar skipulagsdaga í Ægisborg komandi starfsár. Sumarlokun sumarið 2027 verður 5. júlí – 2. ágúst að báðum dögum meðtöldum, með fyrirvara. Í gangi er tilraunaverkefni í borginni sem gengur út á það að elstu börn leikskólans fara í frístund í júní og á þessari stundu er ekki vitað hvernig næsta sumar verður hjá okkur. Ægisborg opnar aftur þriðjudaginn 3. ágúst ef allt fer sem venjulegt er. Skipulagsdagatal verður best skoðað í Völuappi foreldra, en vitanlega eru þar sumar dagsetningar með fyrirvara. Sem dæmi má nefna að við færum íþróttahátíð eftir veðri og útskrift eftir því hvenær við getum fengið hentugan sal.

9. Þróunarverkefni

Heiti verkefnis	**Samstarfsaðilar**	**Hver styrkir?**
Leikur, nám og gleði, en í Ægisborg er það jafnan kallað Múmínverkefnið. Markmið þróunarverkefnisins er að styrkja sjálfbæra sameiginlega leikmenningu kennara og barna í þátttökuleikskólum. Verkefnið byggir á þeirri sýn að leikur sé meginnámsleið barna og grundvöllur vellíðanar, tengslamyndunar og lýðræðislegrar þátttöku í leikskólasamfélagi. Áhersla verður lögð á að festa í sessi starfshætti sem styðja sjálfsprottinn leik á forsendum barna og markvissa þátttöku kennara í leik þegar við á.	**Álftaborg, Drafnarsteinn og Gullborg, ásamt HÍ**	**Reykjavíkurborg**

F.h. leikskólans .....

_____

Leikskólastjóri Dagsetning

10. Umsögn foreldraráðs

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, starfsáætlunin endurspeglar vel það góða starf sem unnið hefur verið í Ægisborg á síðasta ári. Áfram er lögð áhersla á leikinn, sköpun og Múmínverkefnið sem hafa verið stór hluti af starfi leikskólans um árabil.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já. Starfsáætlunin er vönduð, aðgengileg og skýr. Efnisyfirlit, greinargerðir deilda, ljósmyndir og töflur gefa góða mynd af bæði daglegu starfi og áformum framundan.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, starfsáætlunin gefur foreldrum góða innsýn í daglegt starf leikskólans. Einnig er gott að fá innsýn í þær áskoranir sem fylgt hafa framkvæmdunum við húsnæðið og hvernig starfsfólkið hefur tekist á við þær. Ánægjulegt er að sjá að starfsfólk skoðar reglulega hvað gengur vel og hvar megi gera enn betur og foreldraráð fagnar því að starfsfólk skuli stefna að því að Ægisborg verði réttindaskóli UNICEF.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Foreldraráð vill þakka starfsfólki og stjórnendum Ægisborgar fyrir útsjónarsemi, samheldni og metnaðarfullt starf. Okkur finnst þeim hafa tekist einstaklega vel á við þær áskoranir sem upp hafa komið og lagt sig fram um að börnunum líði vel þrátt fyrir allar húsnæðisáskoranirnar. Daglega má sjá að mikil hlýja, umhyggja og gleði einkennir starfið og fyrir það erum við og börnin okkar afar þakklát.

Fulltrúar í foreldraráði: Bryndís Eir Kristinsdóttir, Stefanía Dögg Jóhannesdóttir og Steinunn Sandra Guðmundsdóttir.


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST